

Menning

DV

Krappprót og indigó

Sýning Ásgerðar Búadóttur í Listasafni ASÍ

Það þarf ekki að fjölýrða um stöðu Ásgerðar Búadóttur í íslenskri myndlist. Hún hefur fyrir löngu yfirstigið helstu takmarkanir hefðbundinnar vefjarlistar, uppgæðarlega sundurgerð skrautvefnaðarins, lítilþægni heimilisveftanna, umfram allt þá rötgrónu sannfæringu íslenskra vefara að ofið myndverk stæði skör lægra á listabekknunum en málað eða mótað myndverk.

Veftir Ásgerðar gegna vissulega

hinu ævagamla hlutverki slíkra voða, það er að stuðla að öryggiskennnd jafnt sem yndi þeirra sem umgangast þær. Þetta getur vefjarlistin betur en nokkur önnur list því fyrir utan sjóngildið ber hún í sér tilvísun í klæðnað og væðarvoðir.

Það má jafnvel segja að listakonan hafi fundið leiðir til að gera hinn hefðbundna íslenska vef virkari en hann var, með samsetningu ólíkra efna, tilraunum með áferð, ofna massa, jafnvel

aðskotaefni (til dæmis steinvölur).

Sumar tilraunir Ásgerðar hafa einnig miðast að því að gera áhorfandann virkari gagnvart vefnunum, sjá þykka hrosshárvöndla sem beinlínis kalla á snertingu, svo og forvitnilegar glufur og tauma sem brjóta upp yfirborð vefjarins.

Standa jafnfætis

Hins vegar hefur Ásgerður einnig lagt ríka áherslu á sjóngildi verka

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson


sinna, merkingu þeirra fyrir augað, uns þau standa á allan hátt jafnfætis öðrum myndverkum og taka mið af sömu sveiflum í myndlistarlífinu.

Það kom til dæmis hvergi fram á nýlokinni yfirlitssýningu á íslenskri afstraktlist að Ásgerður var meðal þeirra sem lagði mikið af mörkum til þeirrar listar, þótt ekki væri hún að mála eða klappa í stein.

Stílfærð náttúruminni eru uppistaðan í myndmáli Ásgerðar. Með einföldustu áherslum, láréttum, lóðréttum og nokkrum vel staðsettum boglínunum, tekst henni að gefa óendanlega mikið til kynna.

Á undanförmum áratug, kannski lengur, hafa veftir Ásgerðar tekið hæfum breytingum. Smátt og smátt hefur hún verið að vinna sig frá beinum landslagslíkingum í stílfærðu formi og tekið til við að draga gjörvalla landslagsupplifun sína saman í nokkur frumform eða erkitýpisk minni.

Meðal þeirra mótífa/minna sem mestan svip setja á veftir Ásgerðar er



Ásgerður Búadóttir – Leysing, 1986.

hugmyndin um „gluggann“ eða „dyrnar að náttúrunni“, sem eru líkast til þær sömu sem Aldous Huxley nefndi „gáttir skynjunar“.

Þetta er hugmynd sem bergmálar um gjörvalla sögu heimspeki og náttúruvísinda, svo ekki sé minnst á trúarbrögðin, og gengur í stórum dráttum út á tilraunir mannsins til að finna náttúrunni stað í vitund sinni. „Glugginn/ dyrnar“ í veftum Ásgerðar stendur þá einnig fyrir hina mannlegu nærveru – og um leið fyrir listamanninn sjálfan.

Móðir jörð

Þetta mótíf tengist öðru stafi – hinu þríhyrnda „skauti náttúrunnar“, sem er „móðir jörð“, og gæti þess vegna minnt á uppruna alls lífs.

Þríhyrningurinn er líka íslensk


fjalladýrð í æðra veldi, guðdómurinn... Tulkunarmöguleikarnir eru nánast óþrjótandi.

En þrátt fyrir margræðni þessara vefta á hugmyndalega planinu (astralplaninu?) gleymir Ásgerður því ekki eitt augnablik að hún er að setja saman verk fyrir augað.

Hún notar tiltölulega fáa liti, rauðan (krappprót), bláan (indigó) og brúnan, og tengir þær við svartar og hvítar uppistöður, en út úr þessu fábrotna litrófi tekst henni að töfra fram ótal lífsfrjó tilbrigði.

Á sýningu Ásgerðar í Listasafni ASÍ eru 10 verk, sem ofn eru á síðastliðnum þremur árum. Að minnsta kosti þrjú þeirra, „Dögun“, „Norðrið“ og „Vulkan“, eru með því besta sem listakonan hefur ofið.

-ai



Ásgerður Búadóttir – Vulkan, 1986.

Músíkalskur fjársjóður

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar æskunnar í Háskólabíói 7. mars.
Stjórnandi: Paul Zukofsky.
Einleikari: Margrét Kristjánsdóttir.
Efnisskrá: Colin McPhee: Tabuh – Tabuhan; Nikolay Rimsky-Korsakov: Scherazade sinfónísk svita op. 35.

Svo skemmtilega stóð á að einmitt í þann mund sem Sinfóníuhljómsveit æskunnar, eða öllu heldur forsvarsmanni hljómsveitarinnar á árinu sem leið í hennar nafni, var veitt viðurkenning blaðsins okkar fyrir athyglisverðan árangur á síðastliðnu ári kom hún saman til æfinga og hljótleikahalds. Það er ekki víst að allir geri sér mikilvægi hljómsveitarinnar ljóst. Gildi hennar verður kannski best lýst með einni spurningu – hvar ættu efnilegir tónlistarnemar annars staðar kost á að kynnast hljómsveitarleik? Það sem meira er; einu gildir hvaðan neminn er af landinu, þörf hans fyrir hljómsveitina er jafn brýn. Það sjónarmið eitt að jafna aðstöðu tónlistarnema hvaðanæva af landinu ætti eitt að nægja til að fá opinbera sjóði til að greiða hverja krónu af þeim undralága kostnaði sem af hljómsveitinni hlýst. Reyndar væri það annarrar greinar virði að rekja rökin fyrir þörfinni á slíkr hljómsveit og þeim listræna ávinningi sem þar af verður.

Hún talar fyrir sig sjálf

Á hinum listræna vettvangi talar hljómsveitin vitaskuld fyrir sig sjálf. Það gerir hún á tónleikunum sem hún heldur í hvert sinn sem hún kemur saman. Í þetta sinn stóð Paul Zukofsky, sem á sinn hátt er með ábyrgur fyrir því að þetta blómlega fyrirtæki komst á laggirnar, á stjórn-palli. Þarflaust er að tryggja upp gamlar lofrullur um færi Paul Zukofskys í hljómsveitarstjórn. Hann er manna vandvirkastur, kröfuharðastur og duglegastur við að fá allt

sem hægt er að fá út úr einni hljómsveit. Ég ætla að hann hafi verið ráðandi um verkefnaval að þessu sinni.

Vestrænt aðlöguð balísk gamelantónlist

Mörgum kann að hafa komið á óvart að heyra Tabuh – Tabuhan eftir Colin McPhee á þessum tónleikum. Held ég að fullyrða megi að tónverk eftir hann hafi ekki heyrst hér leikið fyrr. Kannski er McPhee líka þekktari fyrir bók sína, The

Tónlist

Eyjólfur Melsted

Five-tone Gamelan Music of Bali, en tónlistina sem hann hefur samið. Í Tabuh – Tabuhan reynir McPhee að yfirfæra skellandi balíska gamelantónlist yfir á okkar vestrænu hljóðfæri. Líkast til er mun hægara


að yfirfæra Bali-tónlistina en þá javaisku. Á Jövu byggja menn allt upp á mýktinni og margvefja slegla-gagnstætt Balibúum sem vilja láta skella rösklega í öllu saman. En Bali-tónlistin sker sig svolítið úr að öðru leyti, því í hætti hennar, „pe-log“, er áttundinni skipt í sjö þrep og ýmist leikið í fimm eða fjögurra tóna skólum. Þetta hljómar framandi hinu vestræna eyra, en á margan hátt tekst McPhee vel að koma þessum atriðum fyrir aðlöguðum að okkar vestræna hætti.

Þéttur og öflugur strengja-hljómur

Þar og í frjálsslegu hrynmynstri held ég að aðalgildi verksins hafi legið sem æfingaverks fyrir æskulýðshljómsveitina okkar. Hún fór reyndar líka þrýðilega með það en virtist þó ekki jafnvel heima í öllu mynstri verksins og þegar út í hitt verkið, Scherazade eftir Nikolay Rimsky-Korsakov, kom. Þótt Scherazade þyki ekki feikna merkilegt stykki tónsmíðatæknilega séð er hún vandleikin. Hún verður að vera vel spiluð ef nokkuð á að vera varið í að hlýða á hana. Í henni úir og grúir af erfiðum augnablikum fyrir hvert hljóðfæri, en það er líka geysigaman að spila hana. Ungmennahljómsveitin okkar lék hana í einu orði ágæta vel. Á köflum bjó hún jafnvel yfir svo þéttum og öflugum strengahljómi að ríkishljómsveitin okkar þætti fullsæmd af.

Engar „Palli var einn í heiminum“ hugmyndir

Allir einleikararnir í hinum fjölmörgu einleiksatriðum stóðu sig með þrýði, en þar átti Margrét Kristjánsdóttir konsertmeistari að sjálfsgöðu stærsta þáttinn og skilaði einleiksfiðluhlutverkinu með miklum ágætum. Einn riðil vil ég nefna sérstaklega sem mikla framför sýndi frá síðustu tónleikum, slagverkið. Nú blandaðist það hljómsveitinni í jöfnum hlutföllum og virtist vaxið uppúr „Palli var einn í heiminum“ hugmyndum sínum um hlutverk slagverksins. Þó gaf það ekkert eftir hvað snerpu snerti og var þarna til fyrirmyndar. En tónleikarnir í heild voru sönnun þess hvílíkan fjársjóð við eignum bundinn í tónlistaræsku landsins. Þann fjársjóð má ekki grafa í jörð heldur ber að ávaxta hann eftir bestu getu. EM.



Paul Zukofsky hljómsveitarstjóri.